

Athugasemdir Landverndar

við **mál nr. 122/2023** vegna breytinga á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023, og **mál nr. 830/2024** þar sem skilgreindri frístundabyggð 332-F í Vogum í Mývatnssveit er breytt í íbúðabyggð.

Landið sem skipulagstillögurnar fjalla um er hraun frá nútíma vaxið birkiskógi. Landið er óraskað, hraunið er úfið og birkiskógurinn er sjálfsáður. Framkvæmd áformanna sem lýst er í tillögunum myndi valda óafturkræfum náttúruspjöllum. Vistgerðirnar, hraun frá nútíma og birkiskógur eins og vex á svæðinu njóta verndar náttúruverndarlaga (nr. 60/2013). Í 61. gr. er fjallað um sérstaka vernd. Í 3. mgr. er kveðið afdráttarlaust á um hvað vernd samkvæmt 1. og 2. mgr. ákvæðisins feli í sér. Þar er mælt fyrir um bann við röskun þeirra náttúruyfyrirbæra sem undir greinarnar falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst „brýnir almannahagsmunir“. Til að skipulagsyfyrirvöld í Þingeyjarsveit geti heimilað þær framkvæmdir sem tillögurnar fjalla um þyrfti því að sýna fram á að brýnir almannahagsmunir krefðust þess. Hér eru á ferðinni sérhagsmunir sem geta ekki flokkast undir brýna almannahagsmuni.

Markmið skipulagsbreytinganna er sagt að mæta eftirspurn eftir íbúðalóðum í sveitarfélaginu en eftirspurn eftir frístundahúsalóðum sem áður voru á teikniborðinu hafi ekki reynst fyrir hendi. Landvernd bendir skipulagsyfyrirvöldum í Þingeyjarsveit á að skoða önnur svæði sem henta til íbúðabygginga þar sem hrauni eða öðrum merkjum jarðminjuna eða lífríki yrði ekki raskað. Við undirbúning framkvæmda sem hafa myndu í för með sér röskun á hrauni og/eða birkiskógi, eins og hér er tilvikið, verður að rökstyðja ákvörðunina og gera grein fyrir öðrum möguleikum sem skoðaðir hafa verið og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stór munur er á þeirri frístundahúsabyggð sem áformuð var og þeirri íbúðabyggð sem nú er stefnt að. Stærð húsanna hefur meira en tvöfaldast, úr 120 m² í 250 m² og þau hafa hækkað úr 4 m í allt að 8 m. Vegir að þyrpingunni og milli húsanna yrðu miklu hærri og breiðari en áður var áformað því lögheimilisbyggingar krefjast allt annarra veltenginga en frístundahús.

Af uppdráttum má ráða að aðkomuvegur að íbúðarhúsunum sé á verndarsvæði Mývatns og Laxár sbr. lög nr. 97/2004 og sjálf húsþyrpingin er við jaðar verndarsvæðisins. Lögin um Mývatn og Laxá eru sérlög, sem eiga að tryggja verndun jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd, m.t.t. vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða. Bann er lagt við því að spilla eða raska lífríki, jaðrmyndunum og landslagi á því svæði sem lögin taka til. Vegarlögnin myndi hafa neikvæð áhrif á markmið verndunar varðandi jarðminjar og birkiskóg. Húsþyrping á jarðri verndarsvæðisins myndi einnig hafa ákveðin áhrif innan svæðisins og rýra verndargildi þess.